

RAFORKUMÁLASTJÓRI
Vatnamælingar

Skilagrein 162

RENNSLI
hjá
virkjunarstöðum, suðvestanlands

1. okt. 1958

Skv. lista raforkumálástjóra frá 20.9.58
"Hugsanlegir næstu virkjunarstaðir suðvestanlands
- enn í athugun 20.9.58" eru 19 virkjunarstaðir taldir.

Rennsli hjá þessum 19 stöðum

Með skilagrein 161 Þjórsá og þverár hennar hafa
vatnamælingarnar gert grein fyrir rennslinu hjá 9 af
þessum 19 virkjunarstöðum, þ.e.a.s.

- Nr. 1. Þórisvatnsvirkjun (= Kaldakv. + Þórisós í skilagr.)
- 2. Sultartangavirkjun (= Þjórsá, Klofaey)
- 3. Hrauneyjafoss (= Tungnaá, Hrauneyjaf.)
- 4. Tungnaárkrókur (= Tungnaá, Tungnaárkr.)
- 5. Vatnaöldur (" Vatnaöldur)
- 6. Þjórsárgljúfur (= Þjórsá, Dynkur)
- 7. Skarósvirkjun (= Þjórsá, Stóri-Núpur)
- 8. Urriðafoss (= Þjórsá, Urriðafoss)
- 12. Fossá í Þjórsárd. (= Fossá, Hálfoss)

Með sérstakri skilagrein nr. 163 munu vatnamælingarnar
gera á svipaðan hátt grein fyrir rennslinu á vatnasviði
Ölfusár. Gögn um daglegt rennsli eru nú til vinnslu hjá
Skýrsluvélum h/f.

Skilagrein 163 mun sýna rennslið hjá:

- Nr. 9. Bláfellsvirkjunum
- 10. Hestvatnsvirkjun
- 11. Selfossvirkjun
- 15. Tungufljóti
- 16. Brúará

Þá er eftir að gera grein fyrir rennslinu hjá
eftirtöldum virkjunarstöðum:

- Nr.13. Skaftá
- 14. Rangá, Eystri og Ytri
- 17. Hvalvatni, Reyðarvatni
- 18. Hvítá í Borgarfirði
- 19. Norðlingafljót

og skal nú vikið lítillega að þessum stöðum.

Skaftá

$Q_{95} \sim 50 \text{ m}^3/\text{s}$. Sjá skilagrein vatnamálhnga nr. 93.
Varðandi jökulhlaup sjá Jökul 5. ár, bls. 37.

Rangárnar

Ytri-Rangá hjá Árbæjarfossi. $Q_{95} = 37 \text{ m}^3/\text{s}$.
 $MQ = 38$ til $39 \text{ m}^3/\text{s}$. Mikið sand- og vikurskrið með botni,
einkum fyrstu árin eftir Heklugosið. $HQ \sim 160 \text{ m}^3/\text{s}$.

Eystri Rangá. $Q_{95} = 14 \text{ m}^3/\text{s}$ um Tungufoss
 $Q_{50} \sim 25$ " " "

Hvalvatn og Reyðarvatn

Hvalvatn. Sjá jöfnunarlínurit Sig. Th. A-1487,
framhaldið unnið í Skýrsluvélum h/f í nóv.

Reyðarvatn $MQ = 150$ til $170 \cdot 10^6 \text{ m}^3$ á ári.

Hvítá í Borgarfirði

Fnr. 3086 sýnir rennslislangæið um Kljáfoss með því
að fara 0-punkt lághnitar niður um $30 \text{ m}^3/\text{s}$ gildir línuritíð
fyrir rennslíð um Barnafoss í grófum dráttum. Þ.e.a.s.
rennslisaukning Barnafoss - Kljáfoss er mjög jöfn (Hraunfossar)

Norðlingafljót

$Q_{50} \sim 10 \text{ m}^3/\text{s}$ hjá Kleppum. Nokkuð vatn mun að öllum
líkindum renna fram neðanjarðar af landfræðilegu vatnasviði
Norðlingafljóts, samanber Hraunfossa.

1. okt. 1958,